



Skýrsla um banaslys í umferðinni
Vesturlandsvegur sunnan Bifrastar 23. ágúst 2013
Málsnr. 2013 – U016



Vesturlandsvegur sunnan Bifrastar 23.8.2013
Málsnr. 2013 - U016

Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.

Vesturlandsvegur sunnan Bifrastar 23. ágúst 2013

**Framanákeyrsla/hliðarákeyrsla
Látin 66 ára kona**

Samantekt

Erlendur ferðamaður gætti ekki að sér þegar hann beygði til vinstri út af Vesturlandsvegi í veg fyrir bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður bifreiðarinnar sem ekið var í veg fyrir lést á spítala 10 dögum síðar. Hann var ekki spenntur í öryggisbelti. Í skýrslunni eru tillögur í öryggisátt um merkingar ferðamannastaða og vegna breytinga á bifreiðum fyrir hreyfihamlaða.

Aðstæður

Veður og birta:

Bjart og rigning.

Vegur:

Blautt yfirborð. Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst. Meðaltalsumferð á sólarhring er 1573 ökutæki.

Tími sólarhrings:

Kl. 14:15

Ökutæki:

Honda Jazz
Suzuki Vitara

*Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Húsi Flugbjörgunarsveitarinnar
Flugvallavegi
101 Reykjavík*

*Heimasíða:
www.rnsa.is*

*Tölvupóstfang:
rnu@rnu.is*

Lýsing á slysi

Erlendur ferðamaður ók suður Vesturlandsveg á Suzuki jeppabifreið síðdegis og var ætlunin að skoða fossinn Glanna. Þegar komið var að afleggjaranum að fossinum hægði hann ferðina og beygði í veg fyrir Honda fólksbifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Harður árekstur varð á milli ökutækjanna.



Mynd af slysavettvangi (myndin er fengin frá Lögreglunni).

Ökumaður Honda bifreiðarinnar, 66 ára kona, var ekki spennt í öryggisbelti. Hlaut hún talsverða áverka í slysinu og lést á spítala 10 dögum síðar. Ökumaðurinn var fatlaður og stýrði eldsneytisgjöf við aksturinn og hemlum með höndum. Var hann mjög lágvaxinn og öryggisbeltið ekki stillt sérstaklega að hans þörfum. Líkur eru á, að hann hefði lifað slysið af spenntur í öryggisbelti sem hefði verið aðlagð að líkamsbyggingu hans. Í Honda bifreiðinni var auk ökumanns, farþegi í framsæti. Hann var spenntur í öryggisbelti og hlaut handleggsbrot og beltisáverka í slysinu. Loftpúði í stýri blés út við áreksturinn sem og púði fyrir framan farþegann.

Í Suzuki bifreiðinni var farþegi í framsæti og tvö börn í aftursæti. Ökumaðurinn og annað barnið hlutu engin meiðsli en farþeginn í framsæti og hitt barnið voru flutt á spítala lítið meidd.

Að sögn ökumanns Suzuki bifreiðarinnar var hann að skoða vegakort rétt fyrir áreksturinn. Hann var að reyna að átta sig á hvar afleggjarinn að fossinum Glanna var. Hann veitti Honda bifreiðinni ekki eftirtekt þegar hann tók vinstri beygju beint í veg fyrir hana. Framendi Honda bifreiðarinnar rakst á miðja hægri hlið Suzuki bifreiðarinnar. Líklegt verður að telja að ökumaður Honda bifreiðarinnar hafi ekki haft tök á að bregðast við til að forða árekstri.

Niðurstaða öndunarsýnis ökumanns Suzuki bifreiðarinnar leiddi í ljós að hann var ekki undir áhrifum áfengis.

Orsakagreining

- Ökumaður Suzuki bifreiðarinnar var ekki með athygli við aksturinn og beygði í veg fyrir Honda bifreiðina.
- Ökumaður Honda bifreiðarinnar var ekki spenntur í öryggisbelti.

Tillögur í öryggisátt

Breytingar á bifreiðum fyrir hreyfihamlaða

Heimilt er að aðlaga bifreiðar að þörfum hreyfihamlaða. Þegar bifreið hefur verið breytt er skylt að fara með hana í breytingarskoðun hjá faggildri skoðunarstofu þar sem breytingin er yfirfarin og tilkynnt til Samgöngustofu. Ekki er gerð krafa um að notendur fari í þjálfun í notkun á búnaðinum. Ökumaðurinn sem lést í þessu slysi notaði ekki öryggisbelti sökum þess að hefðbundin búnaður í bifreiðinni passaði ekki fyrir hann.

Í reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnað í ökutækjum nr. 348/2007 með áorðnum breytingum eru tilgreindar nokkrar undanþágur frá þeirri reglu að öllum sé skylt að spenna öryggisbelti í bifreiðum sé það til staðar. Heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður geta verið þess valdandi að einstaklingur getur illa nýtt þennan mikilvæga öryggisbúnað og þarf þá læknisvottorð því til staðfestingar. Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir á, að í sumum þessara tilfella, er hægt að aðlaga búnaðinn að þörfum einstaklingsins. Það er mikilvægt að áður en ákvörðun er tekin um að sleppa því að spenna beltíð sé þessi möguleiki skoðaður.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Samgöngustofu og Landlæknis að yfirfara þær reglur sem í gildi eru bæði um undanþágu um notkun öryggisbelta sem og reglur um breytingar á bifreiðum fyrir hreyfihamlaða.

Merking ferðamannastaða

Í rannsókn sem Rannsóknarnefnd umferðarslysa framkvæmdi á umferðarslysum erlendra ferðamanna á árunum 2006 til 2010 kom í ljós, að önnur algengasta orsök alvarlegra umferðarslysa þessa hóps var að athygli ökumanns var ekki við aksturinn¹ á eftir of hröðum akstri miðað við aðstæður. Við rannsókn þessa slyss kom í ljós að erlendi ferðamaðurinn var að skoða vegakort undir stýri til að átta sig á hvar afleggjarinn að fossinum Glanna væri. Lítið skilti er við afleggjarann að fossinum. Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir á mikilvægi þess að ferðamannastaðir séu vel merktir. Beinir nefndin því til Ferðamálastofu og Vegagerðarinnar að taka staði sem sérstaklega eru auglýstir fyrir erlenda ferðamenn til skoðunar hvað þetta atriðið varðar.

¹ Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 2011: „Umferðarslyss erlendra ferðamanna á Íslandi 2006 – 2010“. Reykjavík, Ísland.



Skýrslan var samþykkt af:

Geirþrúður Alfreðsdóttir

Ásdís J. Rafnar

Brynjólfur Mogensen

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson

Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 16. mars 2015

Rannsóknarnefnd samgönguslysa